

Fundargerð 4. skólaráðsfundar Hlíðaskóla skólaárið 2024–2025

Haldinn: 4. apríl 2025 kl. 8:30 á bókasafni skólans.

Mættir:

- Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri
- Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara
- Anna Soffía Reynisdóttir, fulltrúi kennara
- Guðni Kristmundsson, fulltrúi starfsmanna
- Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra
- Marissa Sigrún Pinal, fulltrúi foreldra
- Valgerður María Turusic, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Sigrún Marta Arnalds, fulltrúi nemenda
- XXXXXXX, fulltrúi nemenda

Einnig mætt:

- Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, aðstoðarskólastjóri og ritari
- Margrét Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri

1. Setning fundar

Skólastjóri bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

2. Dagskrá

1. Nemendafjöldi í 1. bekk – fjölgun

Skólastjóri upplýsti að nemendum í 1. bekk muni fjölga verulega næsta skólaár. Umræða skapaðist um nauðsyn þess að bregðast við með viðeigandi aðlögun rýmis, mannafla og kennslufyrirkomulags. Skólastjóri vinnur áfram að undirbúningi í samráði við Reykjavíkurborg og mun upplýsa skólaráð þegar nánari áætlanir liggja fyrir.

2. Hópaskipting í 9. bekk

Margrét Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri unglingadeildar, fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið á hópaskiptingu í 9. bekk. Markmiðið er að bæta samskipti innan árgangsins og efla samkennd. Hóparnir voru stokkaðir í þrjá hópa (H, I og L) og hver nemandi fær nýja stundatöflu með tilheyrandi heimastofu. Hópaskipting fer fram í þremur tímabilum á vormisseri:

- 11. mars – 28. mars: Handahófskennd skipting í þrjá hópa.

- 1. apríl – 6. maí: Skipting byggð á fyrri reynslu.
- 7. maí – skólaloka: Lokaútfærsla hópaskiptingar.

Við hverja skiptingu fá nemendur nýja stundatöflu merkt með viðeigandi hópi. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að efla félagsleg tengsl, undirbúa nemendur fyrir framhaldsskóla, tryggja stöðugleika og bæta utanumhald. Skólaráð tók vel í kynninguna og lagði áherslu á mikilvægi góðrar upplýsingamiðlunar til nemenda og foreldra.

3. Símamál

Margrét Snæbjörnsdóttir deildarstjóri greindi frá því að símabann í unglingadeild Hlíðaskóla hafi gengið mjög vel.

Nemendur hafa almennt verið samvinnuþýðir og tekið reglunum með jákvæðum hætti. Markmið bannsins er að efla félagsleg samskipti, bæta námsumhverfi og draga úr truflun í skólastarfinu.

Foreldrar hafa einnig verið upplýstir um reglurnar og hefur viðhorf þeirra verið jákvætt. Áfram verður fylgst með framkvæmd símabannsins og áhrifum þess á skólastarfið.

4. Könnun um upplýsingaflæði til foreldra

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir aðstoðarskólastjóri kynnti niðurstöður könnunar meðal foreldra sem var send út 13. og 14. febrúar 2025. Alls bárust 116 svör og margt áhugavert kom fram. Niðurstöðurnar eru góðar inn í endurskoðun á upplýsingastefnu skólans.

Helstu niðurstöður könnunarinnar:

- Ánægja með upplýsingaflæði:
 - - 66% foreldra eru ánægðir eða mjög ánægðir með þær leiðir sem skólinn notar.
 - - 21% eru hlutlausir.
 - - 14% eru óánægðir.
- Hlustun á ábendingar frá foreldrum:
 - - 42% foreldra telja að skólinn hlusti vel á athugasemdir.
 - - 41% eru hlutlausir.
 - - 18% telja að hlustað sé illa.
- Skýrleiki upplýsinga:
 - - 22% foreldra hafa oft fengið misvísandi upplýsingar.
 - - 49% hafa stundum fengið misvísandi upplýsingar.
 - - 29% hafa ekki lent í því.
- Upplýsingar um skólastarf:

Foreldrar telja sig misvel upplýsta um skólastarf og niðurstöður benda til tækifæra til úrbóta.

Mjög ánægjulegt er að sjá að foreldrar eru almennt í góðum samskiptum við umsjónarkennara barna sinna. Til þess að auðvelda enn frekari samskipti og upplýsingamiðlun var tekin ákvörðun um fasta vikulega viðtalstíma umsjónarkennara og vikulega árgangafundi fyrir nemendur í unglingadeild.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

3. Fundarlok

Skólastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og fundi var slitið kl. 10:00.